

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. september 2013
Tilvísun: UST20130800144/bs

Mat á umhverfisáhrifum - Dimmuborgarvegur - enduruppbygging. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um framkvæmd að ræða á mjög fjölsóttum ferðamannastað. Því telur Umhverfisstofnun að samhliða veglagningunni verði lögð áhersla á að snyrta nágrenni vegarins og ganga frá raski við veginn.

Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda sérstaklega á námu við stöð 300 en þessi gryfja er að mati Umhverfisstofnunar mikið lýti og ætti að mati stofnunarinnar ekki að stunda efnistöku á stað sem þessum. Því telur Umhverfisstofnun að Vegagerðin ætti að ganga frá þessari námu sem er á veghelgunarsvæðinu og mun að óbreyttu hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem um veginn fara. Líklega væri best að koma efni fyrir í botni námunnar og með þeim hætti minnka sjónræn áhrif gryfjunnar. Umhverfisstofnun telur einnig að leggja eigi meiri metnað í gerð og frágang bílastæða við veginn.

Um er að ræða breikkun núverandi vegar sem að mestu leyti verður á svæði sem raskað var við lagningu jarðstrengja meðfram veginum. Því þarf nánast ekkert að hreyfa við óröskuðu landi utan vegarins. Efni til framkvæmdarinnar verður flutt úr svokallaðri Flugvallarnámu, sem er opin náma án framkvæmdaleyfis.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Leita þarf leyfis Umhverfisstofnunar til framkvæmda skv. 2. mgr. 3 gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur